

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að ídæmd sekt fyrir ósæmilegan rithátt sje fyrir hvorn málsaðila, sækjanda og stefnda, 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til fátækra sjóðs Seyðisfjardarkaupstaðar. Áfrýjandinn, Páll Ólafsson, greiði stefnda Valtý Valtýssyni í málskostnað fyrir yfir dómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 38/1895.

Ólafur Þórðarson  
gegn  
Jóhanni Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með byggingarbrjefi, útgefnu 10. maímán. 1862, byggði Filippus heitinn Þorsteinsson á Bjólu áfrýjandanum Ólafi bónda Þórðarsyni í Efri-Sumarliðabæ í Holtum í Rangárvallasýslu þessa ábýl-  
isjörð hans en eignarjörð Filippusar, og var meðal annars svo til orða tekið í byggingarbrjefinu: »En færi svo að jeg eða mínir, eða þeir, er kynnu að vera aðnjótandi tjeðrar jarðar (☉: Efri-Sumarliðabæjar), þurfi hennar nauðsynlega með til ábúðar, skal hann (☉: áfrýjandi) skyldur að vikja frá henni án frekari fyrirhafnar« o. s. frv. Sat áfrýjandi í þessari byggingu í yfir 30 ár, en þá ljet núverandi eigandi jarðarinnar, hinn stefndi,

Jóhann bóndi Þorsteinsson á Litla-Ármóti, er fengið hafði mestan hluta jarðarinnar með konu sinni, dóttur Filippusar heitins Þorsteinssonar, en hún fjekk hann í arf, birta áfrýjandanum útbyggingarskjal 20. desbr. 1894, þar sem áfrýjandanum með skírskotun til fyrgreinds ákvæðis í byggingarbrjefinu 10. maí 1862 var byggt út af eignarhluta stefnda í Efra-Sumarliðabæ frá fardögum 1895, með því að stefndi kvað stjúpdóttur sína, en dótturdóttur Filippusar Þorsteinssonar, þurfa jarðarinnar nauðsynlega með til ábúðar. 16. maí 1895 byggði síðan stefndi þessari stjúpdóttur sinni og manni hennar sinn hluta í Efri-Sumarliðabæ (11 hndr. 86 ál. af 13 hndr. 30 ál.) frá fardögum næstu á eptir, og með því að áfrýjandinn eigi vildi góðviljuglega hlýðnast útbyggingunni, krafðist hann með brjefi til hlutaðeigandi fógeta 20. maí s. á. útburðargjörðar hjá áfrýjanda. Hinn 10. júní var síðan fógetarjettur settur að Efri-Sumarliðabæ, og með því að samkomulag gat eigi á komizt með málsaðilum, úrskurðaði fógetinn samdægurs að hin heimtaða fógetagjörð skyldi framkvæmd, þó þannig, að útburðarþolandi fengi til umráða það af jarðarhúsum, er svaraði 1 hndr. 64 ál. úr allri jörðunni samkvæmt virðingu úttektarmanna. En þegar eptir að úrskurðurinn var uppkveðinn samdist svo með viðtakanda jarðarinnar (manni stjúpdóttur hins stefnda) og fráfaranda (áfrýjanda), að þeir skiptu sjálfir með sjer húsum á jörðinni, en ljetu úttektarmenn skipta milli þeirra túni og engjum, og skrifuðu þeir síð-

an í fógetaþókina undir þessa sætt, sem þeir svo kölluðu, henni til staðfestingar. Var síðan fógetaþókin upp lesin og samþykkt af öllum hlutaðeigendum, þar með einnig af báðum aðilum þessa máls.

Áfrýjandinn hefir nú með stefnu, útgefinni 19. ágúst f. á., skotið fyrjtjedum fógetaúrskurði til yfirdómsins og krafizt ómerkingar á honum og að útburðargjörðin verði úr gildi felld. Svo hefir hann og krafizt skaðabóta hjá stefnda og málskostnaðar. Hinn stefndi hefir aptur á móti krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur og stefndi sýknadur af öllum kröfum og kærum áfrýjanda, sem og málskostnaðar.

Af því sem að framan er tekið fram og að því viðbættu að áfrýjandi hafði engan fyrirvara um það, er hann gekk að fyrgreindri sætt, að hann geymdi sjer rjett til að áfrýja fógetaúrskurðinum, virðist það nú auðsætt, að máli þessu hefir verið algjörlega ráðið til lykta með sættinni, sem gjörð var fyrir fógetarjettinum, enda varð ekkert úr því, að úrskurðurinn kæmi til nokkurrar framkvæmdar. Að vísu gjörðist sættin í orði kveðnu milli áfrýjanda og viðtakanda jarðarinnar, en ekki áfrýjanda og stefnda, en það verður að álíta að sættin hafi verið gjörð með fullu samþykki stefnda, sem var sjálfur viðstaddur og staðfesti bókunina með undirskript sinni, enda miðaði fógetagjörðin að eins að því, að koma viðtakanda að jörðunni og var því tilgangslaus, er samkomulag komst á

í því tilliti milli hans og fráfaranda (áfrýjanda). Þar sem málið þannig var útkljáð fyrir fógeta-rjettinum með löglegri sætt, gat áfrýjandi eigi síðar skotið úrskurðinum, sem aldrei kom til framkvæmdar, til æðri rjettar, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að visa máli þessu frá yfirdóminum, og þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera :

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn Ólafur bóndi Þórðarson í Efri-Sumarliðabæ greiði stefnda Jóhanni bónda Þorsteinssyni á Litla-Ármóti í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 26/1895.

Halldór Bjarnarson  
 gegn  
 Þórarni Benjamínssyni.

Dómur:

Með stefnu, dags. 1. júní f. á., hefir áfrýjandi þessa máls Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum skotið til landsyfirrjettarins dómi, gengnum í aukarjetti Þingeyjarsýslu 3. desbr. 1894 í máli milli hans og Þórarins Benjamínssonar á Efri-Hólum út af skuldaviðskiptum þeirra í milli, sem gjörir honum að greiða stefnda kr. 83,73 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnað-